ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Heimilisfræði, 2. bekkur

Kennari

Sara Björk Lárusdóttir
sara.bjork.larusdottir@reykjavik.is

Lýsing

2x60 mínútur á viku.

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar

Markmið / inntak

Baka einfaldar uppskriftir og einfalda rétti. Rætt um hollar lífsvenjur og næringu. Fjallað um ýmsar hættur á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir óhöpp.

Námsefni

Tæki kennslueldhúss, Heimilisfræði fyrir byrjendur og aðrar uppskriftir frá kennara.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Að mestu leiti verkleg kennsla.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi og verklagi í tímum.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar verk- og listgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar:

Matreiðsla: Útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð.

Vinnubrögð: Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinnt viðeigandi frágangi.

Vinnuvernd: Gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Lífshættir: Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.

Næring: Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.

Hreinlæti: Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Kostnaður: Tjáð sig á einfaldan hátt um kostnað við máltíð eða nesti.

Menning og umhverfi: sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.

Neytendur: skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Menning: Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald og þekki þjóðlegan mat.

Kolefnissport: Gert sér grein fyrir mismunandi kolefnisspori matvæla.

Textílmennt, 2019, 2. bekkur

Kennari

Jensína G. Hjaltadóttir

jensina.gudrun.hjaltadottir@reykjavik.is

Lýsing

1x60 mínútur á viku.

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Megintilgangur list- og verkgreina er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Námsefni

Áhöld og efni textílstofu.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í textílstofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Verkleg kennsla.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi og verklagi í tímum sem og færni sem nemendur ná að tileinka sér.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar verk- og listgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar:

Verklag:

Getur notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum.

Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna.

Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Getur beitt líkamanum rétt við vinnu sína.

Sköpun, hönnun og tækni:

Getur tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.

Getur skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt.

Menning og umhverfi:

Getur notað endurunnin efni í textílvinnu.

Leiklist, 2. bekkur

Kennari

Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
gudmundur.l.thorvaldsson@reykjavik.is

Lýsing

2x 60 mín á viku

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar

Markmið / inntak

Áhersla lögð á að skapa öruggt og traust andrúmsloft í kennslustofunni þar sem nemendur fá tækifæri til að kynnast hver öðrum í gegnum leik og skapandi tjáningu.

Kyning á spuna og grunnhugtökum í leiklist

Námsefni

Glærur og tónlist

Kennsluaðferðir

Kennsla fer fram í leiklistarstofu. Árgangi er blandað saman í hópa. Kennsluaðferðir byggja á virkri þátttöku þar sem nemendur fá að hreyfa sig, tjá sig og skapa í öruggu og hvetjandi rými. Kennslustundir eru byggðar upp á fjölbreyttan hátt – með upphitunarleikjum, sameiginlegum söng, hlustunaræfingum og litlum sköpunarverkefnum þar sem nemendur fá að spreyta sig, til dæmis með einföldum leikþáttum, hlutverkaleikjum eða spuna

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi og verklagi í tímum.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar verk- og listgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Virðing:
Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum.

Samstarf:

Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.

Handrit:

Skilið hvað handrit eða stutt leikverk er þar sem grunnreglum í uppsetningu er beitt.

Persónusköpun:

Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.

Sjónlistir, 2. bekkur

Kennari	**Lýsing**
Nafn Elín Helena Evertsdóttir	1 x 60 mínútur í viku
Netfang Elin.Helena.Evertsdottir@reykjavik.is	

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat.

Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Megintilgangur list- og verkgreina er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handa með mismunandi tjáningaraðferðum.

Nemendur teikna og mála myndir og vinna leirverk. Þeir gera tilraunir með litablöndun og læra um grunnformin og eins punkts fjarvídd. Fjallað er um myndlistarfólk og sýnd listaverk eftir þau. Kennd eru hugtök og heiti eftir því sem við á.

Námsefni

Ýmsar listaverkabækur, glærur og vefsíður.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer fram í myndmenntastofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Að mestu leiti verkleg kennsla, sýnikennsla og umræður.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi, verklagi í tímum, færni sem að nemendur hafa náð og umgengni.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar list og verkgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar.

Sköpun

Aðferðir og efni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni.

Úrvinnsla og tækni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.

Vinnuferli

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.

Hugmyndavinna

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.

Greining og úrvinnsla

Tjáning

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Umfjöllun og endurgjöf

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

fjallað um eigin verk og annarra.

Greining og samhengi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.

Hugtök

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.

Menning og umhverfi

Aðferðir og nálgun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.

Tilgangur og samhengi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.

Stefnur og straumar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.
